

## Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## Blessun



## Eftirspil

*Round Midnight*  
*Thelonious Monk*




Prestur: Sigurður Arnarson  
Organisti: Gunnar Gunnarsson  
Trompet: Eiríkur Orri Ólafsson  
Kontrabassi: Örn Ýmir Arason  
Kór: Sönghópur Fríkirkjunnar  
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og  
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn  
lokinni á Hótel Parliament, Thorvaldsensstræti 2

Bálför fer fram síðar




Prentun: Litróf



## Pétur H. Snæland

Fæddur 17. nóvember 1938

Dáinn 23. júlí 2024



Útför frá Dómkirkjunni  
miðvikudaginn 7. ágúst 2024

## Forspil

*Ave verum corpus*

*Mozart*

## Bæn

Heyr, himna smiður,  
hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín  
miskunnin þín.  
Því heit eg á þig,  
þú hefur skaptan mig,  
ég er þrællinn þinn,  
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig  
að græðir mig,  
minnst, mildingur, mín,  
mest þurfum þín.  
Ryð þú, röðla gramur,  
ríklyndur og framur,  
hölds hverri sorg  
úr hjartaborg.

Gætt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helst hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meyjjar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson*



## Ritningarlestur

Smávinir fagrir, foldarskart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu, faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

*Jónas Hallgrímsson / Jón Nordal*

## Guðspjall

Hjálpa þú mér helg og væn,  
himnamóðirin þjarta:  
legðu mína bljúgu bæn  
barninu þínu að hjarta.  
Þá munu ávalt grösín græn  
í garðinum skarta,  
í garðinum mínum skarta.

Bænheit rödd mín biður þín,  
blessuð meðal fljóða;  
vertu æ uns ævin dvín  
inntak minna ljóða;  
móðir guðs sé móðir mín  
og móðir þjóða,  
móðir allra þjóða.

Kenn mér að fara í för þín ein,  
fram að himnaborðum,  
leiddu þennan litla svein,  
líkt og son þinn forðum.  
Líkt og Krists sé heyrn mín hrein  
að hlýða orðum,  
hlýða þínum orðum.

*Halldór Kiljan Laxness / Atli Heimir Sveinsson*

## Minningarorð

*In a Sentimental Mood*

*Duke Ellington*

## Bæn og Faðir vor

Nú hverfur sól í haf  
og húmið kemur skjótt.  
Ég lofa góðan Guð  
sem gefur dag og nótt,  
minn vökudag, minn draum og nótt.

Þú vakir, faðir vor,  
ó, vernda börnin þín  
svo víð sem veröld er  
og vonarstjarna skín,  
ein stjarna hljóð á himni skín.

Lát daga nú í nótt  
af nýrri von og trú  
í myrkri hels og harms  
og hvar sem gleymist þú  
á jörð sem átt og elskar þú.

Kom, nótt, með náð og frið,  
kom nær, minn faðir hár,  
og leggðu lyfstein þinn  
við lífsins mein og sár,  
allt mannsins böl, hvert brot og sár.

*Sigurbjörn Einarsson / Þorkell Sigurbjörnsson*